

Alþingi
Erindi nr. P 138/669
komudagur 10.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Heiðu Sigurjónsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 10. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum (228. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á álagningarhlutföllum eftirlitsgjalds frá gildandi lögum.

Það efnahagshrun sem átti sér stað hér á Íslandi og annars staðar undirstrikar mikilvægi skilvirks eftirlits með fjármálafyrirtækjum. Viðskiptaráð tekur undir að öflugt eftirlit sé nauðsynlegt svo hægt sé að halda uppi starfshæfum og trúverðugum fjármálamarkaði.

Það ber þó að varast að setja samansæm merki milli stórrar og fjárfrekrar eftirlitsstofnunar og öflugrar, varlega skal fara í fjármálum á þessum vígstöðvum sem öðrum. Umsvif og vinnuálag hefur aukist innan FME vegna atburða síðustu missera og rannsókna á þeim. Útskýrir það að einhverju leyti aukna fjárförf stofnunarinnar. Þó verður að hafa í huga að álagning eftirlitsgjalds sé í samræmi við vinnutíma í hverjum málaflökki fyrir sig og að slíkt eftirlitsgjald sé til að svara auknu eftirliti á fjármálamarkaði.

Hvað sérstakar athugasemdir varðandi rekstraráætlun FME fyrir árið 2010 varðar vísast til athugasemda samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Viðskiptaráð leggur til að nefndin taki athugasemdir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila til athugunar við meðferð frumvarsins.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð